


**VIÐBRAGÐSÁÆTLUN**  
**ALMANNAVARNA**

**Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu**



**Almannavarnadeild  
ríkislögreglustjórans**

**Sóttvarnalæknir**

# Efnisyfirlit

1. <i>Inngangur að viðbragðsáætlun</i> .....	3
2. <i>Heimsfaraldur inflúensu</i> .....	4
3. <i>Háskastig almannavarna</i> .....	5
4. <i>Virkjun viðbragðsáætlana skóla</i> .....	9
5. <i>Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans</i> .....	10
6. <i>Starfssvæði skólans og umfang</i> .....	11
7. <i>Áhættumat vegna inflúensufaraldurs</i> .....	12
8. <i>Viðbragðsáætlun FAS við heimsfaraldri inflúensu</i> .....	14
9. <i>Samskiptaleiðir</i> .....	15
10. <i>Kort og teikningar</i> .....	16
11. <i>Dreifingarlisti</i> .....	18
12. <i>Breytingasaga</i> .....	19

## 1. Inngangur að viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun þessi segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftfellssýslu (FAS) í samræmi við áætlun Almannavarna um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu.

Markmið viðbragðsáætlana skóla eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólastofnana sem og starfsmanna þeirra þegar til inflúensufaraldurs kemur.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997.

Áætlunin er í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu.

Viðbragðsáætlanir skóla hafa samræmda uppbyggingu. Kaflar 2, 3, 4 og 7 eru sameiginlegir og geyma almennar upplýsingar frá menntamálaráðuneyti, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti sóttvarnalæknis. Aðra kafla semja skólarnir sjálfir og mynda þeir hina eiginlegu viðbragðsáætlun hvers skóla.

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum skólameistara Framhaldsskólans í Austur-Skaftfellssýslu Áætlunin verður endurskoðuð á a.m.k. fimm ára fresti, en yfirfarin árlega t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði skóla. Ef miklar breytingar verða á starfsemi skólans verður áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Áætlunin verður kynnt fyrir starfsmönnum skólans, nemendum og forráðamönnum ólögráða nemenda. Hún er aðgengileg á skrifstofu skólans og á vefnum [www.fas.is](http://www.fas.is)

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Hornafirði 2.9. 2009

---

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari

## 2. Heimsfaraldur inflúensu

### Saga heimsfaraldra inflúensu

Allt frá 16. öld hafa heimsfaraldrar inflúensu riðið yfir heiminn að minnsta kosti tvisvar til þrisvar á öld. Á 20. öldinni riðu þrír heimsfaraldrar inflúensu yfir. Sá fyrsti geisaði 1918 og var afar mannskæður. Hann var nefndur spænska veikin en talið er að 50-100 milljón mans hafi látið lífið af hans völdum. Hinir tveir heimsfaraldrarnir riðu yfir 1957 og 1968 en ollu mun minna manntjóni. Á Íslandi gekk spænska veikin á suðvesturhluta landsins á tímabilinu frá október til desember 1918 en áður hafði væg sumarinflúensa gengið yfir 1918. Spænska veikin hófst í ágúst í Evrópu og Norður-Ameríku.

Talið er að um 60% Reykvíkinga hafi veikst af spænsku veikinni og að allt að 500 manns láttist á landinu öllu. Íslendingar geta dregið nokkurn lærdóm af reynslu þjóðarinnar frá þeim tíma. Til að hindra útbreiðslu veikinnar voru settar ferðatakmánar og lokað var fyrir umferð um Holtavörðuhleiði og einnig yfir Mýrdalssand. Með þessu tókst að hindra að veikin bærist til Norðurlands og Austurlands en til Vestfjarða barst hún með skipum.

Þar sem að fyrri faraldrar hafa riðið yfir á um 40 ára fresti og síðasti faraldur geisaði fyrir 40 árum hefur verið búist við nýjum faraldri í nokkurn tíma. Í apríl greindist nýr stofn inflúensuveiru í mönnum (H1N1) í Mexíkó og Bandaríkjunum. Þessi stofn hefur breiðst nokkuð hratt út um heimsbyggðina og þegar þetta er skrifð (30. júlí 2009) hafa 46 tilfelli greinst á Íslandi. Til þessa hafa veikindi verið væg og dauðsföll fátíð. Rétt er að benda á að skæð inflúensa af A stofni (H5N1) hefur breiðst út í fuglum undanfarin 10 ár og í stöku tilfellum borist í menn með alvarlegum afleiðingum.

Viðbragðsáætlanir skulu vera í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu sem undirrituð var 28. mars 2008 og er að finna á [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is) og [www.influenta.is](http://www.influenta.is)

### Markmið viðbragðsáætlunar hvers skóla

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu miðar að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðingar hans innan skólans með því að:

- Skilgreina mikilvæga verkþætti menntastofnunar og lykilstarfsmenn og staðgengla.
- Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustaðnum og lágmarka smithættu.
- Styrkja nauðsynlega starfsemi og treysta innviði skólans.
- Upplýsa starfsmenn, nemendur og foreldra.
- Veita nauðsynlega fræðslu.
- Eiga til samræmdar áætlanir vegna hugsanlegs samkomubanns og þar með lokunar skóla.

### 3. Háskastig almannavarna

#### Almannavarnastig

Viðbragðsáætlunum almannavarna er skipt í þrjú stig sem skilgreina alvarleika þess ástands sem steðjar að. **Háskastigin eru: Óvissustig, hættustig og neyðarstig.**

Til þess að gefa til kynna umfang almannavarnaviðbragða, þ.e. fjölda þeirra eininga sem virkjaðar eru í þágu almannavarna í hvert sinn, þörf fyrir víðtæka samhæfingu og fjölda stjórnstiga er hægt að skilgreina umfang á hverju almannavarnastigi með litum sem hér segir:

##### • Grænt

Atburði er sinnt af fáum viðbragðsaðilum.

##### • Gult

Alvarlegur atburður og sinnt af mörgum viðbragðsaðilum.

##### • Rauft

Mjög umfangsmikill atburður á mörgum svæðum.

##### • Svart

Þjóðarvá - hamfarir eða atburðir sem hafa áhrif á mörg umdæmi á sama tíma.

Með hliðsjón af þessu taka sóttvarnalæknir og ríkislöggreglustjóri ákvörðun um umfang aðgerða hverju sinni og upplýsa viðbragðsaðila.

### Óvissustig

#### Athuganir, mælingar, hættumat

##### Skilgreining:

Nýr undirflokkur inflúensuveiru greinist í mönnum en sýking milli manna er ekki þekkt nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náið samband.

#### Ráðstafanir ákveðnar af ríkislöggreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.

1. Samráð / samstarf er við mikilvæg erlend samtök og stofnanir.
2. Samráð / samstarf milli innlendra stofnana, samtaka, fyrirtækja og félaga.
3. Skráning upplýsinga um staði þar sem sýking (H5N1? – önnur sýking ?) hefur komið upp.
4. Athugun á birgðastöðu matar, lyfja og annarrar nauðsynjavöru.
5. Athugun á boðleiðum, fjarskiptum og fleiru þess háttar.
6. Æfingar, almannavarnaæfing, minni æfingar innan stofnana og / eða hjá aðilum, sem hafa sameiginleg verkefni.

## Hættustig

### Viðbúnaður vegna hættu

#### Skilgreining:

1. Engin staðfest sýking hérlendis.
2. Litlar hópsýkingar af völdum nýs undirflokkis inflúensuveirunnar brjótast út hjá mönnum á takmörkuðu svæði en veiran virðist ekki hafa lagað sig vel að mönnum.
3. Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Vísbendingar eru um að veiran aðlagist mönnum í vaxandi mæli en þó ekki þannig að umtalsverð hækta sé á heimsfaraldri.

#### Ráðstafanir ákveðnar af ríkislöggreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.

1. Ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að sýktir einstaklingar komi til Íslands.
2. Komi fólk frá sýktum svæðum til Íslands fer fyrsta læknisrannsókn fram í flughöfnum (Keflavík) og höfnum.
3. Söfnun og úrvinnsla faraldursfræðilegra upplýsinga.
4. Hugsanlega loka einhverjum höfnum / flugvöllum.
5. Heimasóttkví hugsanlega beitt gegn þeim sem eru einkennalausir en gætu hafa smitast.
6. Skip hugsanlega sett í sóttkví.
7. Skipulögð dreifing / taka fyrirbyggjandi inflúensulyfja meðal áhættuhópa íhuguð.
8. Athuga með heimköllun Íslendinga frá svæðum þar sem hópsýkingar af völdum nýs stofns inflúensu hafa brotist út.

## Neyðarstig

### Neyðaraðgerðir vegna atburða

#### Skilgreining:

1. Stofn inflúensuveirunnar hefur fundist í einum eða fleiri einstaklingum hérlendis eða heimsfaraldri hefur verið lýst yfir. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna.

#### Ráðstafanir ákveðnar af ríkislöggreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.

1. Viðbragðskerfi að fullu virkjað.
2. Samkomubann, lokun skóla o.fl.
3. Útskrift sjúklinga af sjúkrahúsum.
4. Skipulögð dreifing / taka fyrirbyggjandi inflúensulyfja meðal áhættuhópa.

## Skammstafanir og orðskýringar

<b>AR</b>	Sýkingartíðni
<b>AVD</b>	Almannavarnadeild
<b>AVN, Av-nefnd</b>	Almannavarnanefnd
<b>CDC</b>	Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna
<b>CFR</b>	Dánarhlutfall sjúkdóms
<b>ECDC</b>	Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins
<b>ESB</b>	Evrópusambandið
<b>LL</b>	Landlæknisembættið
<b>RLS</b>	Ríkislöggreglustjórinn
<b>RÚV</b>	Ríkisútvarpið
<b>SST</b>	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð
<b>SVL</b>	Sóttvarnalæknir
<b>WHO</b>	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin

<b>DMR</b>	Dómsmálaráðuneyti
<b>HBR</b>	Heilbrigðisráðuneyti
<b>MRN</b>	Menntamálaráðuneyti

## Sóttvarnaráðstafanir

Heilbrigðisráðherra kveður á um **samkomubann** samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis (sbr. 12. gr. laga nr. 19/1997). Almannavarnadeild ríkislöggreglustjóra sér um framkvæmd samkomubanns í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og löggreglustjóra. Í samkomubanni felst að fjöldasamkomur eru óheimilar, s.s. fundarhöld, skólastarf, skemmtanir á borð við dansleiki, leiksýningar og reglulegar guðsþjónustur. Samkomubann er sett samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis. Þegar ekki eru lengur forsendur fyrir samkomubanni afléttir heilbrigðisráðherra því samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að fenginni tillögu sóttvarnalæknis að **takmarka ferðafrelsi** manna með því að grípa til afkvíunar byggðarlaga og landsins alls og einangrunar sýktra manna, sbr 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997. Sóttvarnalæknir gefur fyrirmæli um nánari tilhögun takmarkana á ferðafrelsi. Almannavarnadeild sér um framkvæmd þessara ráðstafana í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og löggreglustjóra.

## Háskastig WHO

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) í samvinnu við sóttvarnastofnanir í Bandaríkjunum (CDC) og Evrópu (ECDC) ásamt framkvæmdastjórn ESB hafa með sér náið samstarf við að fylgjast með og meta stöðuna. Íslendingar fá upplýsingar frá WHO og hafa jafnframt nána samvinnu við ECDC og ESB um vöktun og viðbrögð.

Í stigaskipan WHO er gert ráð fyrir þremur skeiðum í heimsfaraldri; *skeið á milli heimsfaraldra, viðvörunarskeiði og skeiði heimsfaraldurs*. Innan hvers skeiðs eru skilgreind mismunandi stig og eru þau sex talsins.

Stig WHO segja meira til um útbreiðslu frekar en alvarleika sýkingar. Stig 6, *skeið heimsfaraldurs*, getur verið vaxandi útbreiðsla á vægri inflúensu. Viðbragðsáætlun ráðuneyta gegn heimsfaraldri inflúensu er gerð með háskastig almannavarna til hliðsjónar en stigaskipan WHO er mikið notuð í fjölmöldum og er sett hér fram til skýringar.

Háskastig WHO	
Stig heimsfaraldurs	Markmið aðgerða
<b>Skeið milli heimsfaraldra</b>  Stig 1. Enginn nýr inflúensustofn hefur greinst í mönnum. Stig 2. Enginn nýr stofn inflúensuveiru hefur greinst í mönnum. Stofn inflúensuveiru geisar í dýrum og talinn geta ógnað mönnum.	Styrkja viðbúnað við heimsfaraldri inflúensu.  Lágmarka hættu á smiti, uppgötva og tilkynna slik smit án tafar.
<b>Viðvörunarskeið</b>  Stig 3. Nýr stofn inflúensuveiru hefur greinst í mönnum en ekki er vitað til þess að hann berist manna á milli nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náið samband manna.  Stig 4. Litlar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum á takmörkuðu svæði af völdum nýs stofns inflúensu en hann virðist ekki hafa lagað sig vel að mönnum.  Stig 5. Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Vísbendingar eru um að veiran hafi í vaxandi mæli aðlagast mönnum, þó ekki í þeim mæli að umtalsverð hætta sé á heimsfaraldri.	Tryggja hraða greiningu á nýjum stofni veirunnar. Greina tilfelli fljótt og tilkynna þau án tafar. Hröð viðbrögð við fleiri tilfellum.  Halda nýjum stofni innan afmarkaðs svæðis/uppsprettu eða seinka útbreiðslu og vinna tíma til að bregðast við (bóluefnir ofl.).  Hámarksáhersla er lögð á að koma í veg fyrir eða seinka útbreiðslu og, ef mögulegt, afstýra heimsfaraldri og vinna tíma til að hrinda í framkvæmd sóttvarnaráðstöfunum.
<b>Skeið heimsfaraldurs</b>  Stig 6. Heimsfaraldur: Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits á meðal manna.	Draga úr afleiðingum heimsfaraldurs eins og unnt er.

## 4. Virkjun viðbragðsáætlana skóla

Sóttvarnalæknir tilkynnir breytingar á háskastigi (sjá nánar um stig í kafla 3).

### Breyttur viðbúnaður í skólum

Tilkynntar breytingar á háskastigi sem kalla á sérstök viðbrögð skóla á tilteknu sóttvarnasvæði eða landinu öllu verða staðfestar af menntamálaráðuneytinu með tilkynningu í fjölmíðlum og á heimasíðu þess [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is) og eftir atvikum með tölvupósti til skólastjórnenda og sveitarfélaga.

**Viðbúnaður í einstökum skólum.** Til þess getur komið að gera verði breytingar á skólahaldi í einstökum skólum án þess að tilkynnt hafi verið um breytt háskastig, t.d. vegna mikilla forfalla. Skólastjórnendur bera ábyrgð á slíkum breytingum með hefðbundnum hætti. Eðlilegt er að haft sé samráð við sóttvarnalækni á svæði skóla áður en veigamiklar breytingar á skólahaldi vegna inflúensu eru ákveðnar.

**Afboðun.** Þeir þættir viðbragðsáætlana skóla sem virkjaðir eru skulu ekki aflagðir fyrr en formleg boðun um það kemur frá yfirvöldum.

### Helstu verkefni skóla á einstökum stigum

#### Óvissustig

Unnið að gerð viðbúnaðaráætlunar. Skólarnir upplýsa starfsfólk, nemendur og aðstandendur þeirra og aðra hagsmunaaðila um undirbúning og viðbrögð komi til hættu- eða neyðarástands.

#### Hættustig

Stjórnendur hvers skóla stýra starfsmönnum til þeirra verkefna sem lýst er í viðbragðsáætlun skólans um skólahald á hættustigi.

#### Neyðarstig (e.t.v. samkomubann)

Stjórnendur hvers skóla stýra starfsmönnum til þeirra verkefna sem lýst er í viðbragðsáætlun skólans um starfsemi hans á neyðarstigi. Komi til samkomubanns verður skólum lokað á tilteknu svæði eða landinu öllu.

## **5. Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans**

Skólameistari fer með yfirstjórn Framhaldsskólans í Austur-Skaftafelssýslu og staðgengill hans þegar við á. Skólanefnd er við skólann og starfar samkvæmt 5 gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Auk staðgengils skólameistara eru við skólann námsráðgjafi, fjármálastjóri og tölvukerfisstjóri. Öryggismál er í höndum skólameistara og fulltrúa starfsmanna. Heimavist er rekin samkvæmt samningi við gistiþjónustuaðila og húsvarsla er höndum tveggja starfsmanna í Nýheimum sem er sameigilegt húsnæði skólans, Menningarmiðstöðvar Horrnafjarðar og fleiri aðila.

## 6. Starfssvæði skólans og umfang

**Húsnæði:** FAS er í Nýheimum á Höfn í Hornafirði. Nýheimar eru tveggja hæða 2400 m<sup>2</sup> hús sem stendur við Litlubrú. Litlabrú er þvergata á Hafnarbraut til vesturs eða til hægri þegar ekið er inn í bæinn, um það bil einn kílómetra frá bæjarmörkum. Norðan Nýheima er Kirkjubraut og að vestan er Sandbakkavegur. Innan sama reits er ráðhús sveitarfélagsins.

**Umfang:** Við FAS starfa um 15 til 20 starfsmenn, staðhjemendur eru um 150 og farnemendur um 200 alls í um 120 til 160 nemendaígildum.

## 7. Áhættumat vegna inflúensufaraldurs


Bráðabirgðamat 10.8.09 á afleiðingum heimsfaraldurs inflúensu  
á komandi vikum fyrir landið allt

Sóttvarnalæknir hefur gert bráðabirgðamat á afleiðingum heimsfaraldurs inflúensu sem gengur yfir um þessar mundir þar sem tillit er tekið til afleiðinga sambærilegar hefðbundnum árlegum inflúensufaraldri (30% sýkingartíðni, 1% tíðni alvarlegra sjúkdómseinkenna og 0,1% dánartíðni). Litið er á alvarleika þessa heimsfaraldurs til jafns við árstíðabundinn inflúensufaraldur. Mun fleiri sýkjast þó í heimsfaraldri (30-50%) en í hefðbundnum árlegum faraldri (5-10%). Þetta leiðir til þess að fleiri munu veikjast alvarlega og fleiri lálast af völdum heimsfaraldursins þótt hann sé hlutfallslega ekki skæðari en venjuleg inflúensa.

Mikilvægt er að hafa í huga að bráðabirgðamat þetta þarf ekki að endurspeglra raunverulega útkomu faraldursins en er fyrst og fremst ætlað að vera viðbragðsaðilum til hjálpar við að undirbúa aðgerðir.

Algengt er að inflúensufaraldur berist í tveimur eða þremur hrinum á allt að árs tímabili. Hver hrina byrjar með lágrí sýkingatíðni sem eykst og nær hámarki og fellur aftur á nokkurra vikna tímabili, oftast 8-12 vikum. Sýkingartíðnin er þá há í nokkrar vikur í hverri hrinu.

Fjöldi inflúensutilfella á 100 manna vinnustað



Búast má við að sýkingartilfelli dreifist á 12 vikna tímabili, sjá töflu, skv. embætti sóttvarnalæknis.

Vika	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
%	1%	4%	15%	22%	23%	15%	8%	5%	3%	2%	1%	1%

Eins og sjá má er líklegt að um nokkrar fjarvistir starfsmanna verði að ræða í inflúensufaraldri. Fjöldi fjarvista er háður því hversu alvarlegur faraldurinn verður og einnig hver viðbrögð almennings verða. Fjarvistir starfsmanna geta stafað af mismunandi ástæðum, til dæmis vegna:

- smits af inflúensu
- annarra veikinda
- annarra fjölskyldumeðlima sem þarf að hugsa um, vegna veikinda eða lokun leikskóla og skóla
- beiðna vinnuveitanda um að halda sig fjarri vinnustað og vinna heiman frá sér
- beiðna heilbrigðisyfirvalda um heft ferðafrelsi eða samkomubann
- raskana á almenningssamgöngum eða ótta starfsmanna við að ferðast innan um hót fólks
- ótta starfsmanna við að smitast ef þeir mæta til vinnu.

Fjarvistir starfsmanna munu verða mestar þegar sýkingartíðni er hæst í faraldri, eða u.p.b. í 5. viku af u.p.b. 12 vikum. Búast má við tveimur til þremur hrinum af inflúensufaraldri með nokkurra mánaða millibili.

Það er ekki hægt að spá fyrir með vissu hverjar fjarvistir á vinnustöðvum verða. Það veltur m.a. á því um hversu skæða farsótt er að ræða, hvernig starfsmenn meta hættuna, hvort skólam er lokað og til hvaða ráða er tekið í viðbrögðum vinnustaða í þeim tilgangi að minnka líkur á fjarvistum og smiti innan vinnustaðarins.

## 8. Viðbragðsáætlun FAS við heimsfaraldri inflúensu

Skólameistari annast verkefnisstjórn við gerð, uppfærslu og virkjun viðbragðsáætlunar í samvinnu við yfirvöld á svæðinu og á landsvísu.

Samráð verður haft við Heilbrigðisstofnun Suðausturlands um að upplýsa nemendur, starfsmenn og aðstandendur um inflúensuna, útbreiðsluleiðir og hvernig draga megi úr smitleiðum. Boðað verður til fundar á sal skólans þar sem málið verður kynnt og efni síðan komið fyrir á vef skólans.

Farið verður yfir skipulag ræstingar samkvæmt leiðbeiningum á vefnum [www.influenta.is](http://www.influenta.is) Andlitsgrímur verða til staðar fyrir húsverði.

Skólameistari leitar til Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands eftir ráðleggingum vegna veikinda af völdum inflúensunar í skólanum.

Skólameistari ákveður hver tekur við af þeim lykilstarfsmönnum sem veikjast. Ef skólameistari veikist þá tekur staðgengill við að honum, ef staðgengill veikist einnig þá þá tekur námsráðgjafi við stjórnuninni og ef hann veikist þá tekur fjármálastjóri við hvað varðar stjórnun viðbragða vegna innfúensu.

### Komi til lokunar skóla

Skólameistari tilkynnir lokun skólans. Þeir sem eru í skólanum verða kallaðir saman og þeim tilkynnt um lokunina. Settar verða upp auglýsingar á auglýsingatöflur og á allar útidyr. Tilkynning um lokun verður einnig sett á vef skólans og í staðbundna fjölmíðla svo og fjölmíðla á landsvísu eftir þörfum.

Síma veður svarað svo og tölvupósti á netfangið [fas@fas.is](mailto:fas@fas.is) Vefur skólans verður einnig uppfærður með nauðsynlegum tilkynningum.

Settur verður upp póstlisti með netföngum foreldra nemenda yngri en 18 ára svo hafa megi samband við þau heimili sérstaklega.

Haft verður reglulegt samband við heimili skiptinema og farið yfir stöðuna með þeim.

Allir bóklegir áfangar verða kenndir áfram í gegnum vefkennsluumhverfið [www.kennsluvefurinn.is](http://www.kennsluvefurinn.is) svo fremi kennrar að hafi til þess heilsu.

Skólameistari mun í samráði við forstöðumenn í Nýheimum tryggja umsýslu fasteigna og öryggismála á meðan á lokun stendur.

Við opnun skóla boðar skólameistari til kennarafundar og skólaufundar þar sem farið verður fyrir stöðu mála varðandi kennslu og skiplag starfsemindunnar að öðru leyti.

## 9. Samskiptaleiðir

### Lykilaðilar er varðar boðun og afboðun

Eyjólfu Guðmundsson skólameistari, 4708072, 8602958, [skolameistari@fas.is](mailto:skolameistari@fas.is)

Hjördís Skírnisdóttir staðgengill skólameistara, 4708075, 8456827, [hjordis@fas.is](mailto:hjordis@fas.is)

Zophonías Torfason námráðgjafi, 4708074, 8936205, [namsradgjafi@fas.is](mailto:namsradgjafi@fas.is)

Anna María Kristjánsdóttir fjármálastjóri 4708070, 8466313, [fas@fas.is](mailto:fas@fas.is)

Sigursteinn Haukur Reynisson kerfisstjóri 4708073, 8624346, [steini@fas.is](mailto:steini@fas.is)

Björg Erlingsdóttir forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar 4708052  
[bjorgerl@hornafjordur.is](mailto:bjorgerl@hornafjordur.is)

Þorvarður Árnason forstöðumaður Háskólasteturins á Horafirði 4708040 [torvarn@hi.is](mailto:torvarn@hi.is)

Kristján Vífill Karlsson húsvörður 4708013, 8637220, [husverdir@hornafjordur.is](mailto:husverdir@hornafjordur.is)

Miralem Haseta húsvörður 4708013, 8637220, [husverdir@hornafjordur.is](mailto:husverdir@hornafjordur.is)

Kristín Gestdóttir formaður skólanefndar FAS, 8986701 [kristinge@hornafjordur.is](mailto:kristinge@hornafjordur.is)

## 10. Kort og teikningar

### Sóttvarnasvæðin

Íslandi er skipt upp í átta sóttvarnaumdæmi og er sóttvarnalæknir skipaður í hverju þeirra. Í stórum sóttvarnaumdæmum eru skipaðir sóttvarnalæknar ákveðinna svæða. Sjá mynd 10.1.

### Sóttvarnalæknar umdæma og svæða

#### Höfuðborgarsvæðið

Lúðvík Ólafsson framkvæmdastjóri heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins  
Gunnar Ingi Gunnarsson, heilsugæslulæknir Árbæ, Reykjavík

#### Vesturland

Þórir Bergmundsson, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi  
Friðrik Jónsson, St. Fransiskuspítalinn í Stykkishólmi

#### Vestfirðir

Fjölnir Freyr Guðmundsson, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafirði

#### Norðurland

Þórir V. Þórisson, Heilsugæslan Akureyri  
Ásgeir Böðvarsson, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Húsavík  
Héðinn Sigurðsson, Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

#### Austurland

Stefán Þórarinsson, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Egilsstöðum  
Björn Magnússon, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Neskaupstað

#### Suðurland


Óskar Reykdalsson, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi

#### Vestmannaeyjar

Karl Björnsson, Heilbrigðisstofnun Vestumannaeyja

#### Suðurnes

Sigurður Árnason, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Reykjanesbær  
Sigurjón Kristinsson, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Reykjanesbær





## 11. Dreifingarlisti

Eintakið er vistað rafrænt á eftirtöldum vefsíðum: <http://www.fas.is/>

Auk þess eru rafræn og prentuð eintök vistuð á eftirtöldum stöðum:

Skrifstofa skólans	1 stk.
Skrifstofa skólameistara	1 stk.
Kennarastofa	1 stk.

## 12. Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn af:
	10/08/2009	Sniðmát menntamálaráðuneytis sent skólanum	
1.0	04/09/2009	Viðbragðsáætlun skóla birt	EG